

Miðvikudaginn 13. nóvember 1974.

Nr. 125/1973: **Innheimtumaður ríkissjóðs í Dalasýslu**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Guðbrandi Jörundssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Skattamál. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m.

Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 54.616.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við lögtaksgerð þá, sem fram fór í Reykjavík 15. apríl 1969, kom fram, að gerðarþoli, stefndi í máli þessu, átti eignir í Dalasýslu. Í lok gerðarinnar var bókað: „Gerðin reyndist því árangurslaus hér“. Ekki var lögtaksmálinu þó fram haldið í Dalasýslu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, innheimtumaður ríkissjóðs í Dalasýslu, greiði stefnda, Guðbrandi Jörundssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 23. mars s.l., hefur Jón E. Ragnarsson, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, höfðað f. h. sýslumannsins í Dalasýslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. september 1972, gegn Guðbrandi Jörundssyni, Breiðagerði 9, Reykjavík, til greiðslu opinberra gjalda, samtals að fjárhæð kr. 56.316.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning lækkaði lögmaður stefnanda kröfur sínar um kr. 1.700.00, en það er fasteignagjald ársins 1966, kr. 40.00, fasteignagjald ársins 1967, kr. 40.00, kröfuliður að fjárhæð kr. 1.620.00, en það var krafa um 9% vexti. Við dómtöku málsins voru kröfur stefnanda á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 54.616.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags ásamt málskostnaði að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

Þinggjöld ársins 1967	kr. 12.881.00
Útsvar árið 1966	— 17.960.00
Útsvar árið 1967	— 23.775.00

Samtals kr. 54.616.00

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að kröfur þessar hafi verið sendar Gjaldheimtunni í Reykjavík til innheimtu með bréfi, dags. 29. desember 1967. Á þessum tíma hafi stefndi haft uppi mikla vafninga um lögheimili sitt svo og skattskyldu til sveitarfélags, en stefndi hafi nú um árabil búið og starfað í Reykjavík, þótt hann hafi einhvern hluta úr ári dvalist í Dalasýslu og eigi þar hús. Árið 1965 hafi verið lagt útsvar á stefnda í Reykjavík og hafi hann þá haft uppi mikil andmæli gegn greiðsluskyldu í Reykjavík á þeim forsendum, að hann hefði lögheimili og væri skattskyldur í Dalasýslu. Af þessum sökum hafi ekki verið lagt útsvar eða önnur sveitarsjóðsgjöld á stefnda í Reykjavík árin 1966 og 1967, en þessi gjöld á hann lögð í Haukadalshreppi í Dalasýslu. Eftir árið 1967 hafi sveitarsjóðsgjöld verið lögð á stefnda

í Reykjavík. Þrátt fyrir eindregna ósk stefnda um að greiða gjöld sín til sveitarfélags í Haukadalshreppi þá hafi hann samt ekki fengist til að greiða hin álögðu gjöld fyrir árin 1966 og 1967.

Hinn 15. apríl 1969 hafi borgarfégetinn í Reykjavík framkvæmt lögtaksgerð hjá stefnda að kröfu stefnanda fyrir stefnukröfunni. Gerðarþoli hafi sjálfur mætt í rétti. Í fógetaréttinum, að undangenginni áminningu um það, að það varði hegningu að skýra rangt frá í fógetaréttinum, hafi gerðarþoli skýrt svo frá: „Gerðarþoli kveðst ekki benda á eignir hér til tryggingar þessum gjöldum, þar sem hann telji, að áður hafi verið framkvæmt lögtak af hreppstjóra Haukadalshrepps í Dalasýslu í eignarhluta sínum í jörðinni Þorsteinsstöðum, nánar tiltekið Laxaborg, og sé það nægjanleg trygging. Einnig kveðst gerðarþoli hafa beðið um úrskurð sýslumanns Dalasýslu, hvort lögheimili sitt eigi að teljast í Haukadalshreppi eða í Reykjavík, en sá úrskurður sé ókominn enn.“ Gerðin hafi því reynst árangurslaus. Þessi fullyrðing stefnda hafi ekki við rök að styðjast. Það séu ítrekaðir vafningar stefnda varðandi lögheimili og greiðsluskyldu, sem séu ástæðan fyrir því, hve innheimta þessi hafi dregist.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að skattskyldu stefnda sé ekki mótmælt. Fjárhæð dómkröfunnar hafi ekki verið mótmælt. Einu mótmæli stefnda gegn dómkröfunni séu fyrning, en fógetaréttarmálið, sem þingfest var og lokið hinn 15. apríl 1969, hafi rofið fyrningu. Fjögurra ára fyrningarfrestur eigi að miðast við þá málshöfðun. Við munnlegan flutning málsins vísaði lögmaður stefnanda einnig til 7. gr. laga nr. 14 frá 1905 til rökstuðnings kröfum sínum.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með því, að kröfur stefnanda séu fyrndar. Samkvæmt lögum nr. 51 frá 1964, 47. gr., sé gjalddagi útsvars 15. júní og 15. október ár hvert. Samkvæmt d lið sömu greinar sömu laga valdi vangreiðsla á útsvarshluta því, að allt útsvar falli í eindaga 15 dögum eftir að hinn vangreiddi útsvarshluti var gjaldkræfur. Útsvar það, sem krafði er í málinu, sé fyrnt, sbr. 2. gr. laga nr. 29 frá 1885, sbr. 1. gr. laga nr. 83 frá 1947. Gjalddagi þinggjalda geti hugsanlega verið í síðasta lagi 31. desember það ár, sem þau eru álögð. En þótt miðað væri við, að gjalddagi þessara gjalda væri 31. desember 1967, þá hafi þau verið fyrnd, er stefna var birt í málinu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að fyrirtekt lögtaksmáls í fógetarétti Reykjavíkur hinn 15. apríl 1969 hafi slitið fyrningarfresti nema um stundarsakir, vegna þess að ekki hafi verið gætt

niðurlagsákvæðis 12. gr. laga nr. 14 frá 1905. En það, að lögtaksgerðin var árangurslaus, verði að jafna til frávísunar eða niðurfellingar. Við munnlegan málflutning var því jafnframt haldið fram, að lögtaksgerðin hafi verið lögleysa og ómerk, þar sem lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur, þá er lögtaksgerðin var framkvæmd, og hafi lögtaksgerðin því engin réttaráhrif.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sérstaklega og þess krafist, fari svo, að stefndi verði ekki sýknaður, að vextir verði ekki dæmdir hærri en 7% á ári.

Kröfur þær, sem mál þetta er af risið, má taka lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 1885. Samkvæmt 3. gr., 3. tl., laga nr. 14 frá 1905 fynrast þær kröfur, er lögtaksrétt hafa, á 4 árum. Því er ómótmælt, að síðasti gjalddagi þeirra skulda, sem málið er af risið, hafi verið 31. desember 1967. En eins og rakið hefur verið, er mál þetta höfðað með stefnu, birtri 8. september 1972, og var þá liðinn 4 ára fyrningarfresturinn.

Lögtakið, sem framkvæmt var hjá stefnda 15. apríl 1969, var árangurslaust. Þar sem af hálfu stefnanda var látið sitja við hina árangurslausu lögtaksgerð, verður ekki talið, að hún hafi slitið fyrningu, og styðst sá skilningur við 11. og 12. gr. laga nr. 14 frá 1905 svo og 2. gr. laga nr. 29 frá 1885.

Af hálfu stefnanda þykir ekki hafa verið sýnt fram á það atferli stefnda, að ákvæði 7. gr. laga nr. 14 frá 1905 eigi við atvik máls þessa.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbrandur Jörundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, innheimtumanns ríkissjóðs í Dalasýslu, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.
